



# Stofnskrá Byggðasafns Skagfirðinga

## 1. grein

Safnið heitir Byggðasafn Skagfirðinga. Kennitala þess er 550652-0139.

## 2. grein

Byggðasafn Skagfirðinga var stofnað 29.05.1948. Fastasýning var opnuð í Glaumbæ þann 15. 6. 1952. Safnið stendur fyrir tveimur til fleiri sýningum á ársgrundvelli.

## 3. grein

Heimilisfang safnsins er Glaumbær, 551 SAUÐÁRKRÓKUR. Annað aðsetur þess er í Minjahúsinu, Aðalgötu 16b, 550 SAUÐÁRKRÓKI.

## 4. grein

Hlutverk safnsins er að safna, varðveita og rannsaka muni og minjar úr Skagafjarðarhéraði og miðla þeim til almennings. Landfræðilega markast starfssvæði safnsins af sýslumörkum. Áhersla er lögð á rannsóknir og miðlun upplýsinga um áþreifanlegar og óáþreifanlegar heimildir um menningararf héraðsins, einkum byggingaarf og mikilsverðar lífsháttabreytingar.

Safnið starfar samkvæmt gildandi lögum um söfn, minjar og menningarverðmæti og hefur siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) að leiðarljósi. Safnið heldur að lágmarki tvo starfsmenn allt árið. Safnið getur verið í samstarfi um rannsóknir og varðveislu við hvern sem er, sé gætt opinberra siðareglna safna og það getur haldið sérsýningar hvar sem safnmunir eru öruggir og lánað muni til sýninga með skilyrðum um öryggi þeirra. Allir safnmunir skulu skrásettir samkvæmt viðurkenndu kerfi.

## 5. grein

Eigendur safnsins eru Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur, sem leggja því til rekstrarfé. Eignarhlutir sveitarfélaganna reiknast eftir íbúatölu á hverjum tíma. Safnið er ekki rekið í hagnaðarskyni. Verði arður af starfseminni rennur hann til safnsins.

## 6. grein

Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar fer með málefni safnsins.

## 7. grein

Reikningar safnsins eru færðir í bókhaldskerfi Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Fjárhagur safnsins er aðskilinn frá öðrum rekstri sveitarfélagsins. Reikningar eru endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og afgangur samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

## 8. grein

Safnstjóri gerir fjárhagsáætlun fyrir safnið og leggur fyrir atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar til umfjöllunar. Fjárhagsgerð skal lokið ár hvert fyrir 15. desember samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

## 9. grein

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar ræður safnstjóra. Safnstjóri skal hafa sérfræðimenntun á sviði minjafraði sem tengsl hafa við þjóðminjavörsluna (svo sem þjóðfræði, sagnfræði, fornleifafraði, safnafraði, listfræði eða aðrar greinar menningarsögu).

Skyldur safnstjóra skulu settar fram í starfslýsingu sem atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar staðfestir, fyrir hönd Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Safnstjóri ræður safnverði og ber ábyrgð á að safnið starfi samkvæmt samþykktri safnstefnu, sem endurskoðuð er á 4 ára fresti. Safnverðir þurfa að hafa þekkingu á íslenskum þjóðhátum, sögu og minjaumhverfi héraðsins.

10. grein

Hyggist eigendur leggja safnið niður skal samstarfsnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps ráðstafa eignum þess í samráði við Þjóðminjasafn Íslands og samkvæmt fyrir-mælum laga um rástöfun safnkosts. Öðrum eignum verður ráðstafað að höfðu samráði við mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Breytist rekstrarforsendur skal endurskoða stofnskrána.

11. grein

Stofnskrá þessi er hin 4. sem endurnýjuð er frá 1948. og öðlast hún gildi þann 1. desember 2013. Með henni eru eldri ákvæði fallin úr gildi.

Dags.: \_\_\_\_\_

*Skagafirði 7. nóvember 2013*

 **Skagafjörður**  
Sveitarstjóri  
*Asta Palmadóttir*  
Sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar

**AKRAHREPPUR**  
560 Varmahlíð  
Kl. 410169-3209  
*Agnar H. Gunnarsson*  
Oddviti Akrahrepps